



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti  
Arnarhvoli  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. apríl 2006  
Tilvísun: **2006030017**  
Bréfalykill: 22.2

**Efni: Umsókn um stækkun staðarmarka á rannsóknarleyfi með fyrirheit um forgang til nýtingar á jarðhita á Hellisheiðar- og Hengilssvæði**

Orkustofnun hefur borist bréf Iðnaðar- og vðskiptaráðuneytis, dags. 14 mars 2006 með ósk um að veita umsögn um ofanefnda umsókn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) um stækkun rannsóknarsvæðis á Hellisheiðar- og Hengilssvæði. Farið er fram á að staðarmörk rannsóknarsvæðis breytist þannig að það nái til alls hluta íslenska ríkisins í Reykjatorfulandi, Sveitarfélaginu Ölfusi. Fram kemur í umsókn OR að innan þessa skika er svæði það er Sunnlensk orka ehf hafði rannsóknarleyfi á frá júní 1999, þar til er leyfið rann út í júní 2004.

Orkustofnun hefur kynnt sér gögn umsækjanda (umsókn með bréf til dags. 9.12.2005 og skjal um afmörkun svæðis dags. 14.12.2005, sem barst stofnuninni 5.04.2006). Auk þess skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna borunar rannsóknarholu og vegagerðar í Grændal í Ölfusi, sem VGK og Hönnun unnu fyrir Sunnlenska orku ehf, útg. í febrúar 2001, og úrskurði Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar um téð mat.

Tilgangur þeirra rannsókna er umsótt leyfi varðar er að kanna nýtanleika jarðhitans til virkjunar, en framundan er talin vera mikil eftirspurn eftir raforku, auk þess að afla gufu og varma til ýmissa verkefna, m.a. til iðnaðar. Orkuveitan sækir um leyfi til jafnlengdar gildandi leyfis eða til 1. júní 2016. Bein rannsóknaráætlun fylgir ekki, en staða rannsókna á viðbótarsvæðinu er á móta og á rannsóknarsvæðinu að öðru leyti, að aflað hefur verið allrar þeirrar þekkingar sem nauðsynleg er og aðgengileg með yfirborðsrannsóknum. Næstu stig í rannsóknum eru boranir.

Svæði það sem sótt er um leyfi fyrir afmarkast af eftirfarandi hnitum:

X:64°03'17,053'' Y:-21°09'36,822''  
X:64°02'30,424'' Y:-21°08'42,150''  
X:64°00'54,532'' Y:-21°08'40,912''  
X:64°00'54,573'' Y:-21°11'36,093''  
X:64°01'30,642'' Y:-21°14'02,875''  
X:64°02'08,237'' Y:-21°12'11,083''  
X:64°03'30,650'' Y:-21°13'42,713''

Umsækjandi vitnar til þess að fyrri handhafi rannsóknarleyfis (Sunnlensk orka ehf.) hafi lagt í kostnað við rannsóknir sem hann er reiðubúin að bæta honum. Þekking á svæðinu var með

þeim hætti að Sunnlensk orka ehf sóttist fyrst og fremst eftir að bora innarlega í Grændal. Fram fór mat á umhverfisáhrifum af borun þar sem fjallað var um nokkra kosti til veglagningar auk borstæða. Auk þeirrar staðsetningar sem Sunnlensk orka ehf setti í forgan voru þrjú önnur borstæði könnuð. Í úrskurði Skipulagsstofnunar (4.05.2001) er lagst gegn borun rannsóknarholu og lagningu vegar í Grændal. Sá úrskurður var kærður til Umhverfisstofnunar, sem felldi úrskurð Skipulagsstofnunar úr gildi. Í úrskurði ráðuneytisins (dags. 217.11.2001) er áfram lagst gegn borun inni í Grændal og viðeigandi veglagningu, en fallist á borstað austan í Dalaskarðshnjúki. Orkuveitan telur að rannsaka megi og nýta hugsanlegan jarðvarma á þessum svæðum án þess að raska viðkvæmri náttúru.

Engin rannsóknaráætlun fylgir umsókn. Í rannsóknarleyfi því er Orkuveitan hefur á Helligheiðar- og Hengilssvæði er rannsóknartímabilið 15 ár og skal leyfishafi skila ráðherra nýrri rannsóknaráætlun á 3 ára fresti (leyfi dags. 7.05.2001). Það er mat Orkustofnunar að komi til þess að Orkuveitu Reykjavíkur verði veitt umbeðið rannsóknarleyfi (stækkun rannsóknarsvæðis) verði farið fram á að hún skili rannsóknaráætlun. Ef á annað borð yrði fallist á að þessu nýja svæði verði bætt við fyrra svæði (það stækkað), er eðlilegt að rannsóknaráætlun fyrir þetta svæði verði hluti af stærri heild í áætlanagerð, en það breytir ekki því að Orkuveitan geri grein fyrir þeim rannsóknum sem hún hyggst stunda þar næstu tvö ár, eða þar til rannsóknaráætlun verður næst endurskoðuð.

**Niðurstaða:** Orkustofnun sér ekkert því til fyrirstöðu að veitt sé nýtt rannsóknarleyfi fyrir umbeðið svæði. Minna skal á að eftir mat á umhverfisáhrifum af fyrirhugaðri borun á vegum fyrri leyfishafa, og kærumeðferð í kjölfar úrskurðar Skipulagsstofnunar, hafi niðurstaðan orðið sú að kanna megi þetta svæði frekar með borunum sé það gert í anda þess sem fram komi í úrskurði umhverfisstofnunar frá 27.11.2001.

Með kveðju

Hákon Aðalsteinsson